

Fundargerð

Fyrsti fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðland í Flatey

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Umhverfisstofnunar og á Teams fjarfundarbúnaði, mánudaginn 3. október 2022 kl. 13:00.

Fundarmenn:

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir, Umhverfisstofnun

Edda Kristín Eiríksdóttir, Umhverfisstofnun

Hafsteinn Guðmundsson, fulltrúi íbúa í Flatey

Hrefna Jónsdóttir, Reykhólahreppur, var fjarverandi

María Gestsdóttir og Svava Sigurðardóttir, Framfarafélag Flateyjar, boðuðu forföll

Fundarefni

- Kynning Umhverfisstofnunar á stjórnunar- og verndaráætlunum
- Farið yfir fyrri vinnu stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í Flatey og endurskoðaða friðlýsingu
- Samráðsáætlun
- Upplýsingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar
- Önnur mál

Afgreiðsla fundar

1. Fulltrúi umhverfisstofnunar hélt stutta kynningu á stjórnunar- og verndaráætlunum og áherslur Umhverfisstofnunar í þeim.
2. Farið var yfir hvernig fyrri vinna við stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins nýtist í þá vinnu sem framundan er. Breytingar hafa orðið á uppsetningu og uppskiptingu stjórnunar- og verndaráætlana hjá Umhverfisstofnun. Þær breytingar hafa ekki áhrif á efni áætlana. Þar sem friðlandið var stækkað með endurskoðaðri friðlýsingu í ágúst 2021 er ekki líklegt að setja þurfi sérstakar reglur um umferð innan friðlandsins nema e.t.v. vegna vatnaleiktækja á tilteknum árstíma og bann við umferð á sjó innan netlaga, eða sem nemur 115 m frá stórstraumsfjöru. Samstarfshópurinn mun fara yfir þessa þætti í þeirri vinnu sem framundan er.
3. Farið var yfir samráðsáætlun, hlutverk hennar og hagsmunaaðilar listaðir upp.
4. Farið var yfir upplýsingar sem setja þarf fram á heimasvæði fyrir áætlunina á heimasíðu Umhverfisstofnunar.
5. Rætt var um mögulega tímasetningu og tilhögun næsta fundar.

Niðurstaða fundar og næstu skref

Umhverfisstofnun sendir gögnin sem farið var yfir á fundinum til samstarfshópsins til yfirlstrar og samþykktar.

Næsti fundur samstarfshóps verður í vikunni 24.-28. október nk.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:00.